



Umsókn um HK um breytingu á flettiskilti í ljósaskilti við Breiddina Minnisblað

Dags. 31.03.2022

Meginmál

Byggingaleyfisumsókn frá Handknattleiksfélagi Kópavogs barst Kópavogsbæ 26.01.2021 varðandi breytingu á skilti sem staðsett er norð-vestan við gatnamót Nýbýlavegar og Reykjanesbraut, við enda Skemmuveggar 4A, 32 og 46.

Óskað var eftir því að breyta tveimur flötum á núverandi fléttiskilti við Breiddina í ljósaskilti. Fletirnir eru nefndir skjár 1 sem snýr til norð-austurs og skjár 2 sem snýr til suð-austurs en skiltið hefur þrjá fleti. Sá flötur sem snýr til suð-vesturs í átt að íbúabyggð við Hjallahverfi verður óbreytt.

Skipulagsdeild óskaði eftir umsögnum frá Vegagerðinni, Samgöngustofu og Reykjavíkurborg varðandi erindið. Ennfremur var verkfræðistofa Efla beðin um að vinna greinargerð um áhrif auglýsingaskilta á umferðaröryggi og umferðarslys í Kópavogi.



Sambærileg umsókn barst varðandi breytingar á flettiskiltum við Fífuna og Múlalind þar sem skilti var breytt í ljósaskilti. Þá var óskað eftir og fengin umsögn Vegagerðarinnar sem er sambærileg og umsögn Vegagerðarinnar sem barst 17. ágúst 2021.



Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs nr. 92 dags. 15.02.2021 var byggingarleyfisumsókn Handknattleikfélags Kópavogs lögð fram.

Skipulagsráð frestaði afgreiðslu

Á fundi skipulagsráðs nr. 108 dags. 1.11.2021 var byggingarleyfisumsókn Handknattleikfélags Kópavogs lögð fram á ný. Minnisblaði umhverfisfulltrúa dags. 22.09.2021 var lagt fram ásamt umsögnum frá

- Vegagerðinni, dags. 17.08.2021
- Samgöngustofu, dags. 30.09.2021
- Reykjavíkurborg dags. 20.10.2021

Skipulagsráð frestaði afgreiðslu

Í umsögn Vegagerðarinnar dags. 17.08.2021 kemur fram að stefna Vegagerðarinnar sé að stuðla að öruggum samgöngum þar sem öryggi einstaklinga er forgangsatriði. Að stafrænt auglýsingaskilti sé enn meira til þess fallið, en flettiskilti, að fanga athygli ökumanna. Slíkt skilti kunni að draga úr umferðaröryggi. Bent er á að 90. gr. umferðarlaga tilgreinir að þar sem veghaldari hefur heimild til að hafa umsóknum um uppsetningu á auglýsingaskiltum sem beint er að vegi Veghaldara. Vegagerðin samþykkir ekki breytingu flettiskiltis í stafrænt skilti við Breidd í Kópavogi þar sem breytingin er til þess falinn að fanga athygli ökumanna og kann að draga úr umferðaröryggi.

Reykjavíkurborg gerir í umsögn dags. 20.10.2021 ekki athugasemdir við skiltið. Samgöngustofa gerir ekki efnislegar athugasemdir í sinni umsögn.



Slysgreiningar – greinargerðir frá verkfræðistofu Eflu

Verkfræðistofa Efla hefur unnið greinargerðir um slystaðtíðni og áhrif auglýsingaskilta á umferðaröryggi. Helstu niðurstöður eru teknar saman hér að neðan:

Slysgreining 2022 – Slysgreining við auglýsingaskilti, skýrsla dags 14.03. 2022

SAMANTEKT

- Erlendar rannsóknir sýna m.a. að :
 - Auglýsingaskilti (hvort sem við á flettiskilti eða LED-skilti) við gatnamót hafa áhrif á viðbragðs- og stöðvunartíma ökumanna.
 - Ökumenn horfa meira og lengur á LED-auglýsingaskilti heldur en önnur umferðar- og auglýsingaskilti.
 - Töluvert tíðara og lengra áhorf ef hreyfimyndir eða myndband er sýnt á skjánum sem leiðir til enn minni viðbragðstíma.
 - Ekki er hægt að fullyrða að auglýsingaskilti auki líkur á umferðarslysi en athygli ökumanns er sannarlega beint að öðru en akstri þegar ekið er fram hjá auglýsingaskilti.
 - Ekki er gerður greinamunur á áhorfi á LED-auglýsingaskilti í myrkri og dagsbirtu.
- Út frá slysgreiningu á völdum gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu, með auglýsingaskiltum og án þeirra, er ekki hægt að draga þá ályktun að auglýsingaskilti hafi áhrif á fjölda slysa á gatnamótum, hvort sem þau eru flettiskilti eða LED-skilti.
- Hröð tæknileg þróun á sér stað sem gerir auglýsingar meira notendamiðaðri og þar af leiðandi meiri líkur á að ökumenn horfi oftar og lengur á auglýsingar.
- Mælst er til þess að Kópavogsbær myndi sér stefnu og regluverk varðandi uppsetningu auglýsingaskilta í sveitafélaginu.

Umferðarslys í Kópavogi – Yfirlit yfir 5 ára tímabil, 2014-2018, skýrsla dags.04.12.2019

SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA

Umferðarslysum í Kópavogsbæ hefur fjölgað frá upphafi til loka tímabilsins. Aukningin er aðallega í óhöppum án meiðsla og slysum með minniháttar meiðslum á meðan fjöldi slysa með meiriháttar meiðslum er sambærilegur milli ára.

Sé fimm ára tímabil nú (2014-2018) borið saman við fimm ár þar á undan (2009-2013) hefur óhöppum fjölgað að meðaltali um 9 á ári. Slysum með meiðslum hefur einnig fjölgað, um 5 á ári.

Flest óhöpp verða eðlilega þar sem umferð er mest, eins og á Hafnarfjarðarvegi, Reykjanesbraut, Nýbýlavegi og á Dalvegi. Áberandi samþjöppun alvarlegra slysa, umfram þá sem umferð og hraði gefa tilefni til, má greina við Smáralind/Smáratorg, Hamraborg, Fífuhammsvegi, Lindarhverfi og í nágrenni við Kórinn/Hörðuvallaskóla. Á þessum stöðum eru óhöpp á óvörðum vegfarendum algeng. Ástæða er til að kanna það frekar, sérstaklega í kringum grunnskólana.

Mikil aukning varð á slysum tengdum hjólandi vegfarendum á tímabilinu. Meðalfjöldi slysa á tímabilinu voru 16 á ári en voru að meðaltali 14 á ári á tímabilinu 2013-2017. Mesta aukningin varð á slysum þar sem hjólréiðamaður fellur af reiðhjól en þeim fjölgaði um 40% úr 8 í 11.



Niðurstaða

Eins og kemur fram í slysagreiningu verfræðistofu Eflu á völdum gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu, með auglýsingaskiltum og án þeirra, er ekki hægt að draga þá ályktun að auglýsingaskilti hafi áhrif á fjölda slysa á gatnamótum, hvort sem þau eru flettiskilti eða LED-skilti. Hröð tæknileg þróun á sér stað sem gerir auglýsingar meira notendamiðaðri og þar af leiðandi meiri líkur á að ökumenn horfi oftar og lengur á auglýsingar.

Lagt er til að eftirfærandi kröfur verði settar fyrir stafrænt skilti í Breiddinni:

1. Ljósmynd og lýsing
 - a. Á daginn, lýsing (ljósstig) < 5000 NITS
 - b. Á kvöldin, lýsing (ljósstig) < 500 NITS
 - c. Ljósmynd takmarkað við (ambient light + 6.5) lux við 10 metra
 - d. Ljósmynd skiltis fari ekki umfram dagsbirtu að hverjum tíma.
2. Skipting og blikkandi ljós
 - a. Að skipt verði á milli mynda eða lita án þess að mynda blikkandi ljós sem gætu haft truflandi áhrif á umferð. Að skipti séu hæg frá einni mynd í aðra og að blikk eða hröð litaskipting trufli ekki akandi umferð þ.e.a.s. blikkandi ljós eru ekki leyfileg.
 - b.
3. Ásýnd
 - a. Hver hlið skiltis er aðeins sýnileg úr einni akstursstefnu.
 - b. Hafi ekki truflandi áhrif á akstur.

Mikilvægt er að Kópavogsbær myndi sér stefnu og regluverk varðandi uppsetningu auglýsingaskilta í sveitafélaginu.